

FÖGNUM FRAMFÖRUM

Fögnum öllum framförum, ekki aðeins þeim sem eru bóklegar. Það geta líka orðið framfarir í öðrum námsgreinum, umgengni, stundvísi, samskiptum, tómstundum o.fl. Það er ekki síst mikilvægt að fagna því þegar nemendur hafa lært af mistökum sínum og þegar þeir hætta sér út fyrir þægindarammann og leggja sig sérstaklega fram. Með því að fagna framförum fá nemendur skýr skilaboð um hvað skiptir máli og fá hvatningu um að efla með sér þrautseigju.

„Nemendur leitast við að haga sér í samræmi við væntingar kennarans“ (James Nottingham)

Dæmi um sérstök verkefni:

Hrós dagsins

Þegar skóladeginum lýkur tilkynnir kennarinn nemendahópnum hver þeirra hlýtur hrós dagsins fyrir framfarir. Kennarinn rökstyður val sitt m.a. í vísan í vaxtarhugarfar, til þess að læra af mistökum, að efla og styrkja heilann og þora að fara úr fyrir þægindarammann.

Þetta má útfæra á ýmsa vegu t.d. má velja fleiri en einn nemenda í einu. Það má einnig velja nemanda/nemendur vikunnar í stað þess að velja nemanda/nemendur dagsins.

Sjálfsgagt er að senda foreldrum nemendanna, sem frá hrós dagsins, póst og upplýsa þau um málið.

Kennarinn tryggir að hrósið dreifist jafnt á alla nemendur yfir ákveðið tímabil, enda þó það sé veitt af mismunandi ástæðum.

Leyninemandinn

Kennarinn tilkynnir nemendum sínum í upphafi dags, eða kennslustundar, að hann hafi ákveðið að velja sér leyninemanda sem hann ætli að fylgjast sérstaklega með til að skoða framfarir hans yfir daginn eða í kennslustundinni. Hann reynir m.a. að veita því athygli hvort nemandinn lærir af mistökum sínum. Kennarinn gerir svo grein fyrir því í lok dagsins hvaða framfarir hann hafi séð og rökstyður mál sitt m.a. í vísan til vaxtarhugarfars, til þess að láta heilann vinna, þess að læra af mistökum og þora að fara út fyrir þægindarammann. Foreldrar hans fá líka upplýsingar í pósti eða síma. Kennarinn tryggir að allir nemendur verði leyninemendur einhvern tímann á tímabilinu.